

## REGLUGERÐ

### um vitagjald.

#### 1. gr.

Vitagjald, kr. 46,00 af hverri brúttórúmllest, skal greiða vegna skipa, sem eru 10 brúttórúmllestir eða stærri og taka höfn hér á landi, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot reiknast sem heil lest, en minna broti sleppt. Fyrir skip sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skal gjaldið þó vera kr. 6,90.

#### 2. gr.

Undanþegin gjaldi þessu er herskip, varðskip, tollgæslubátar og vitaskip. Sama gildir um skip, sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi né úr öðrum skipum, né heldur flytja farm í land eða í önnur skip, enda hafi sannast í sjóprófi eða annarri lögfullri sönnun, að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemmdum, af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Heimil er niðurfelling gjaldsins vegna skipa, sem eigi eru notuð á gjaldárinu.

#### 3. gr.

Vegna íslenskra skipa skal gjald þetta greitt eigi síðar en 1. mars ár hvert og þá þar sem skipið er skrásett. Af erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land, skal greiða 1/5 hluta vitagjaldsins við hverja komu til landsins, en þó aldrei oftar en 5 sinnum á hverju almanaksári. Fyrir slík skip greiðist gjaldið í fyrstu höfn, sem það tekur hér við land.

#### 4. gr.

Lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjórinn, sjá um innheimtu vitagjaldsins. Skyldur er skipstjóri að sýna innheimtumanni leiðarbók skipsins og skipsskjöl, og er innheimtumanni rétt að halda eftir alþjóðamælibréfi og þjóðernisskírteini nema gjaldið hafi verið greitt.

Ágreiningi um gjaldskyldu og útreikning má skjóta til úrskurðar ráðuneytisins.

#### 5. gr.

Vitagjaldinu er varið til að standa straum af kostnaði við rekstur Vitastofnunar Íslands.

#### 6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 56 29. maí 1981 um vitagjald, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1987 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 700 28. desember 1981 og nr. 64 31. janúar 1986.

*Samgönguráðuneytið, 3. desember 1986.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*